

Stefán Már Gunnlaugsson

Héraðsprestur Kjalarnessprófastsdæmi



Það er sístætt verkefni í kirkjunni okkar að glæða hugsjón um að boða kristna trú, styrkja þjónustu við fólkið okkar og vera í forystu um að mannúð og réttlæti móti þjóðlífið. Skipulag kirkjunnar og starfshættir eiga að taka mið af því. Ég gef kost á mér til setu á kirkjuþingi, hef þetta að leiðarljósi og vil eiga samstarf um það við sem flesta.

Ég hef undanfarin fimm ár starfað sem héraðsprestur í Kjalarnessprófastdæmis og var í tíu ár sóknarprestur á Vopnafirði. Ég útskrifaðist með embættispróf frá guðfræðideild HÍ árið 1999. Ég lagði stund á framhaldsnám í guðfræði við háskólann í Kiel og nám í stjórnun og stefnumótum við viðskiptadeild HÍ.